

Nd.

125. Nefndarálit

um till. til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillagan sé samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Reykjavík. Kaupverðið sé 75000 — sjötíu og fimm þúsund — krónur. Ennfremur ályktar Alþingi að veita 75000 — sjötíu og fimm þúsund — króna styrk til þess að reisa nýtt hús, sem jafnan verði í eign og til afnota fyrir góðtemplararegluna í Reykjavík og Stórstúku Íslands. Sé svo frá samningnum gengið, að andvirði húss og lóðar gangi og til að reisa hið nýja hús. Kaupverð og styrkur greiðist þannig, að 50 þús. kr. greiðast þegar afsal er gefið, en eftirstöðvarnar á 10 árum með jöfnum greiðslum.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík og húsbyggingarstyrk.

Alþingi, 22. nóv. 1933.

Ingólfur Bjarnarson,	Pétur Ottesen,	Tryggvi Þórhallsson,
form.	fundaskrifari.	frsm.
Þorleifur Jónsson.	Haraldur Guðmundsson.	